



**dk** Viðskiptahugbúnaður

- Handbók -

Eignir

október 2015



## Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>3</b>
<b>ALMENNT UM EIGNIR .....</b>	<b>4</b>
<b>EIGNAKERFIÐ TEKIÐ Í NOTKUN .....</b>	<b>5</b>
<b>SKRÁ UPPHAFSSTÖÐUR.....</b>	<b>5</b>
<b>EIGNIR.....</b>	<b>7</b>
<b>STOFNUN Á EIGN.....</b>	<b>8</b>
<b>AÐGERÐIR Í [F5 VALMYND].....</b>	<b>12</b>
<b>FÆRSLUBÓK (REIKNA AFSKRIFTIR).....</b>	<b>13</b>
<b>UPPFLETTINGAR / FYRIRSPURNIR.....</b>	<b>19</b>
<b>SKÝRSLUR .....</b>	<b>20</b>
<b>UPPSETNING .....</b>	<b>22</b>



## Inngangur

Þessi handbók er fyrir kerfishluta dk viðskiptahugbúnaðar. Hún er ein af mörgum handbókum og hjálpargögnum fyrir dk viðskiptahugbúnaðinn.

Notandaviðmót dk viðskiptahugbúnaðar er allt myndrænt sem hefur þann kost í för með sér að hægt er að opna marga og óskylda glugga samtímis og skoða gögnin frá ýmsum sjónarhornum. Jafnvel er hægt að opna sama gluggann oft og nota þá t.d. mismunandi afmarkanir til að skoða sömu upplýsingar.

Aðalvalmynd dk er staðsett á miðjum skjá og er tvískipt. Vinstri helmingur valmyndarinnar inniheldur öll aðalkerfin, svo sem Fjárhagur, Eignir, Skuldunautar, Lánardrottinnar, Sölureikningar, Birgðir, Innkaup, Verk, Laun og Almenn. Hægri helmingurinn inniheldur svo undirvinnsur hvers aðalkerfis og er sá helmingur uppbyggður eins og tré sem notendur kannast við, sem dæmi í "Windows Explorer".

Í þessari handbók er lýst notkun kerfishlutans Eignir. Henni er ætlað að gefa notendum innsýn í uppbyggingu og daglega notkun eigna í dk. Ekki er þörf á sérkunnáttu í bókhaldi til að hægt sé að nota handbókina.

## Almennt um Eignir

Í eignakerfinu er haldið utan um eignir fyrirtækisins. Það veitir góða yfirsýn yfir eignir, bæði nýjar og gamlar, reiknar afskriftir og heldur utan um bókfært verð á hverjum tíma.

Markmiðið með eignakerfinu í dk er að auðvelda fyrirtækjum að halda vel utan um allar eignir sínar, fylgjast með staðsetningu þeirra, viðhaldi, flokkar þær og reikna afskriftir og bókfært verð.

Grunnur eignakerfisins hefur að geyma eignir og vinnslu til að reikna afskriftir. Öflugar uppflettivinnslur eru sem auðvelda allar fyrirspurnar- og leitaráðgerðir. Færslur má rekja þangað sem þær enda, í fjárhag, eða til upprunans í hvaða undirkerfi sem er.

### Eignir

Í stofnskrá eigna má skrá margs konar upplýsingar. Hver eign er auðkennd með númeri sem getur verið allt að 12 stafa langt, bæði bók- og tölustafir. Almennar upplýsingar fylgja svo sem lýsing, flokkur, merking, raðnúmer, staða eignar, staðsetning eignar, umsjónarmaður og upplýsingar um viðhald á eigninni og upplýsingar sem tengjast RSK 1.04.

### Færslubók (Reikna afskriftir og skrá kaup og sölu)

Hér er hægt að reikna afskriftir, t.d. mánaðarlega og skrá kaup og sölu. Upphafstöður eigna má einnig skrá inn hér.

### Uppflettingar

Allar uppflettingar og fyrirspurnir eru til fyrirmyndar í eignakerfinu. Haldið er vel utan um allar færslur og hvernig þær urðu til. Almennar uppflettingar eru þannig að skoða má hreyfingar á einstakri eign.

### Skýrslur

Í eignakerfinu er að finna nokkrar skýrslur, bæði stöðluðum og uppsetjanlegum. Í eignakerfinu er undirvinnsla sem heitir *Skýrslur*. Hún inniheldur allar staðlaðar skýrslur sem nauðsynlegt er að ná út úr eignakerfinu. Allar skýrslur má fá prentaðar á skjá eða prentara.

### Uppsetning


Ýmsar töflur sem tilheyra eignakerfinu. Hægt er að viðhalda þeim hér.

## Eignakerfið tekið í notkun

Áður en regluleg notkun á eignakerfinu hefst þarf að vinna smávægilega undirbúningsvinnu. Þar má nefna stofnun á eignum, flokkum eigna, bókkunarflokkum, skráningu á upphafsstöðu eigna og Almennar stillingar.

Hér á eftir verður minnst á stofnun á eignum, en áður er rétt að víkja aðeins að þeim fjölmörgu töflum sem fylgja eignakerfinu.


Undir *Eignir* > *Uppsetning* er hægt að viðhalda töflum sem tengjast eignum. Þessar töflur koma uppsettar með dk, en þó er nauðsynlegt fyrir alla notendur að skoða þær og athuga hvort uppsetning á þeim henti þörfum þeirra. Nefna má sem dæmi að bókkunarflokkar segja til um á hvaða bókhaldslykla færslur sem verða til í eignakerfinu bókast á. Möguleiki er að stofna fleiri en einn bókkunarflokk. Nánar er fjallað um þessar töflur aftar í handbókinni.



## Skrá upphafsstöður

Til að taka eignakerfið í notkun og reikna reglulegar afskriftir þarf fyrst að skrá inn upphafsstöðu eigna (fyrningargrunn), kaupdagsetningu og uppsafnaðar afskriftir. Ef reikna á afskriftir skv. fráviksaðferð þá er um að ræða upprunalegt kaupverð, en ef reikna á afskriftir skv. skattalegri aðferð þá er um að ræða fyrningargrunninn í byrjun þess tímabils sem fyrstu afskriftir reiknast fyrir.

Við veljum Eignir – Færslubók og stofnum nýja færslubók með því að velja [INS Ný ]



Hér veljum við (\*) Upphafsstöður og skráum inn dagsetningu fyrir upphafsstöðurnar (fyrningargrunninn). Við veljum [F12 Staðfesta ] og nú getum við skráð inn upphafstöðurnar.

Upphafsstöður - 2009

661198-2499 dk hugbúnaður ehf.

>>	Númer eignar	Lýsing	Dags. keypt	Fyrningagrunnur	Fengnar fyrningar
	1096	LISTAV. FUGLAB SKÁLA	01.01.2006	93.000,00	0,00
	1097	LISTAV. ANGEL AT T.	01.01.2006	33.000,00	0,00
	1098	Ford Expedition RK-8	01.01.2008	3.700.000,00	786.249,00
	1099	Toyota LC KA-554	01.01.2008	12.505.963,00	2.501.191,00
	1100	Benz E280, VI-574	01.01.2007	7.400.000,00	5.087.498,00
	1101	SLBR. 4.HÚSGÖGN	01.01.2001	1.142.038,00	1.027.834,00
	1103	Skilti kvartm.braut	01.01.2007	4.721.409,00	2.557.427,00

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd INS Ný ENT Breyta DEL Fella ESC Hætta F12 Skrá

1074:107:

Við flettum í eignatöflunni með [F2 Fletta ] og veljum viðeigandi eign og skráum inn kaupdagsetningu, fyrningargrunninn og fengnar fyrningar (uppsafnaðar afskriftir). Þetta endurtökum við fyrir allar eignirnar.

Áður en við uppfærum færslurnar þá getur verið gott að afrita færslurnar yfir í Excel og sjá hvort samtals fyrningargrunnur og samtals fengnar fyrningar stemma ekki við fylgiskjalið okkar.

Upphafsstöður - 2009

661198-2499 dk hugbúnaður ehf.

>>	Númer eignar	Lýsing	Dags. keypt	Fyrningagrunnur	Fengnar fyrningar
>	1096	LISTAV. FUGLAB SKÁLA	01.01.2006	93.000,00	0,00
>	1097	LISTAV. ANGEL AT T.	01.01.2006	33.000,00	0,00
>	1098	Ford Expedition RK-8	01.01.2008	3.700.000,00	786.249,00
>	1099	Toyota LC KA-554	01.01.2008	12.505.963,00	2.501.191,00
>	1100	Benz E280, VI-574	01.01.2007	7.400.000,00	5.087.498,00
>	1101	SLBR. 4.HÚSGÖGN	01.01.2001	1.142.038,00	1.027.834,00
>	1103	Skilti kvartm.braut	01.01.2007	4.721.409,00	2.557.427,00

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd INS Ný ENT Breyta DEL Fella ESC Hætta F12 Skrá

1074:107:

Við smellum á hnappinn [>>] til að lýsa allar færslur (lita þær bláar) og svo hægri smellum við með músinni á bláa svæðið og veljum Afrita. Nú getum við opnað Excel og valið þar Paste.

Ef allt stemmir veljum við [F5 Valmynd ] – Uppfæra og uppfærast þá upphafstöðurnar yfir í færslutöflu eigna.

Nú má prenta út skýrslu sem sýnir upphafsstöðurnar

## Eignir

Í aðalmynd dk er smelt á Eignir. Síðan er vinnslan Eignir valin. Þá birtist eftirfarandi mynd.


Númer	Lýsing	Raðnúmer	Flokkur	Staða	Bfl	Staðsetning	Umsjónamaður	Deild	Fyrningarflokkur	Tegundarflokkur	Auðkenni	Lánardro
0001	Bensinst.Kjart.g.	036115-613-1	36115	Virk	3611	613		05	04	0383	090383001	
0002	SELF. DÆLLUR OG TANK.	036120-902-0	36120	Virk	3612	902		06	06	0383	970383002	
0003	SKÓGARHLÍÐ NÝ BST	036110-103-0	36110	Virk	3611	103		06	06	0605	960605001	
0004	VETNISSTÖÐ VESTLVEG	036110-148-0	36110	Virk	3611	148		06	33	0605	020605002	
0005	VETNISSTÖÐ, FULLBÚIN	036110-148-0	36110	Virk	3611	148		06	33	0605	030605003	
0006	VETNISSTÖÐ VIÐBÓT	036110-148-0	36110	Virk	3611	148		06	33	0605	030605004	
0007	UNDIRB. VEGNA BREYT.	036110-152-1	36110	Virk	3611	152		06	00	0605	060605005	
0008	BORGARHOLT GULLENGI	036110-189-1	36110	Virk	3611	189		06	00	0605	050605006	
0009	ÁRETL.+LAGNIR	036110-230-1	36110	Virk	3611	230		06	04	0605	090605007	
0010	HÖRGARBRAUT BST.	036110-606-0	36110	Virk	3611	606		06	06	0605	860605008	
0011	HÁSTEINSV. 2, EIGNAA	036110-940-1	36110	Virk	3611	940		06	06	0605	060605009	
0012	HÚSAFELL-AFGR.HÚS	036120-324-0	36120	Virk	3612	324		06	03	0605	850605010	
0013	HÚSAFELL HÚS+PLAN	036120-324-0	36120	Virk	3612	324		06	06	0605	970605011	
0014	SÚÐAV.BYGGING FRÁG	036120-431-0	36120	Virk	3612	431		06	06	0605	020605012	
0015	Skagfbr. 29	036120-540-1	36120	Virk	3612	540		06	06	0605	070605013	
0016	BENSINST.DJÚPAVÍK	036120-595-0	36120	Virk	3612	595		06	04	0605	910605014	
0017	SKJÖLD.ENDURBYGGING	036120-723-0	36120	Virk	3612	723		06	15	0605	010605015	

Fyrsti dálkurinn Númer er númer eignar. Síðan koma Lýsing, Raðnúmer, Flokkur, Staða, Bókunarflokkur, Staðsetning, Umsjónarmaður, Deild, Fyrningarflokkur, Tegundarflokkur, Auðkenni og Lánardrottinn. Með því að smella á dálkaheiti þá upplýsist dálkurinn (verður gulur) og raðar þá kerfið eignum skv. þeim dálki. Notandi hefur ýmsa möguleika þegar hann er með eignatöfluna opna eins og á myndinni hér fyrir ofan.

<p><b>Dálkar</b></p> <p>Hægt er að sækja inn í töfluna fleiri dálka. Það er gert með því að smella með hægri músarhnapp á dálkafyrirsögn, t.d. Lýsingu og velja úr valmynd Sækja dálka.</p>	
<p><b>Sía</b></p> <p>Hægt er að sía út ákveðnar færslur í töflunni, t.d. alla eignir í ákveðnum flokki. Það er gert með því að smella með hægri músarhnapp á færslu í töflunni og velja úr valmynd Sía.</p>	
<p><b>Afrita eignir</b></p> <p>Merkja má allar eignir í einu með því að smella með músinni á hnappinn [ &gt;&gt; ]. Þegar búið er að merkja þau gögn sem á að afrita má smella með hægri músarhnapp einhvers staðar á merktu línurnar (bláa svæðið) og velja Afrita úr valmyndinni sem birtist.</p>	


[F5 Valmynd]

Ef smellt er á aðgerðahnappinn [F5 Valmynd] þá bjóðast ýmsir möguleikar. Nánar er fjallað um þessa möguleika aftar í handbókinni. Rétt er þó að benda sérstaklega á *Minnisbók* og *Tengdar skrár*.



## Stofnun á eign

Eignir eru skráðar í vinnslunni *Eignir*. Til að stofna nýja eign er ýtt á [Insert] takkann á lyklaborðinu og til að breyta eign er ýtt á [Enter] takkann á lyklaborðinu. Þá birtist viðhaldsspjald sem inniheldur a.m.k. þrjá flipa, *Almennt*, *Viðhald* og *RSK 1.04*.




Nauðsynlegt er að skrá inn Númer og Lýsingu. Ef eignakerfið er tengt við fjárhag þá er nauðsynlegt að skrá inn bókunarflokk. Aðrar upplýsingar er frjálst að skrá inn. Þau svæði sem eru á flípanum *Almennt* eru:

Svið	Gildi
Númer	Slá verður inn númer, t.d 4 stafa langt númer, tölueða bókstafir. Númer má vera allt að 12 stafa langt.
Lýsing	Slá verður inn lýsingu á eigninni.
Flokkur	Hér er hægt að slá inn auðkenni flokks. Flokkar eigna eru stofnaðir í <i>Uppsetning&gt; Flokkar eigna</i> . Notandi ræður sjálfur hvernig hann flokkar eignir sínar. Hægt er að fletta og velja flokk með [F2]. Hver eign getur aðeins tilheyrt einum flokki.
Raðnúmer	Hér er sleginð inn raðnúmer (serial númer) eignarinnar ef þörf er á að halda utan um þau númer.



Staða	Hér má velja um stöðuna: Virk, Óvirk eða Lokuð. Óvirkum eignum er sleppt í afskriftakeyrslum og skýrslum og þær eru lokaðar fyrir bókun. Sama á við um Lokaðar eignir.
Staðsetning	Hér er hægt að slá inn auðkenni staðsetningu eignar. Staðsetningar eru stofnaðir í <i>Uppsetning &gt; Staðsetning eigna</i> . Notandi ræður sjálfur hvort hann stofnar staðsetningar og skráir þær inn á eignirnar sínar. Hægt er að fletta og velja staðsetningu með [F2]. Hver eign getur aðeins tilheyrt einni staðsetningu.
Umsjónarmaður	Hér má slá inn númer umsjónarmanns. Hægt er að fletta í starfsmannaskráni með [F2].
Bókunarflokkur	Hér má velja bókunarflokk. Bókunarflokkar eru stofnaðir í <i>Uppsetning &gt; Bókunarflokkar</i> . Bókunarflokkarnir stýra því hvert afskriftirnar bókast í fjárhag. Ef eignakerfið er tengt við fjárhag þá verður að skrá inn bókunarflokk.
Skráð á fasteignamat	Hér má merkja við ef eignin er skráð í fjárhag á fasteignamati.
Merking	Hér er um nokkurs konar auka flokkun á eignum. Notandi ræður sjálfur hvernig hann notar þetta svæði. Ef þörf er á mikilli flokkun eigna þá má t.d. nota þetta svið þannig að setja kommu á milli merkinga (flokka), t.d. aa,bb,cc þýðir að eignin tilheyrir merkingu (flokk) aa og bb og cc.

Ef flipinn *Viðhald* er valinn þá birtist eftirfarandi mynd.




Hér má skrá inn upplýsingar um lánardrottinn og þjónustuaðila ef hann er annar en lánardrottinn. Hægt er að fylgjast með þjónustuheimsóknum. Þau svæði sem eru á flípanum Viðhald eru:

Svið	Gildi
Lánardrottinn	Númer þess lánardrottins sem eignin var keypt af (útvegaði eignina). Hægt er að fletta í lánardrottnatöflunni með [F2].
Þjónustuaðili	Númer þess lánardrottins sem venjulega sér um viðhaldið. Hægt er að fletta í lánardrottnatöflunni með [F2].
Viðhald í gangi	Hér er merkt við ef viðhald á eigninni stendur yfir. Þessar upplýsingar má síðan nota sem afmörkun í skýrslum.
Næsta þjónustudags	Dagsetning næstu viðhaldsaðgerðar sem áætluð er. Hægt er að nota þessar upplýsingar sem afmörkun í skýrlum.

Minnisbók og tengdar skrár eignar nýtast einnig til að skrá inn upplýsingar um þjónustuheimsóknir og athugasemdir varðandi viðhaldsaðgerðir. Þjónustusamninginn má tengja við eignina í Tengdar skrár.

Ef flipinn *RSK 1.04* er valin þá birtist eftirfarandi mynd.



Hér er nauðsynlegt að tilgreina *Fyrningarflokk*, *Tegundarflokk* og *Auðkenni*. Þau svæði sem eru á flípanum RSK 1.04 eru:


Svið	Gildi
Fyrningarflokkur	Fyrningarflokkar halda utan um afskriftarprósentuna og eru stofnaðir í <i>Uppsetning &gt; Fyrningarflokkar</i> . Notandi verður að stofna fyrningarflokka og skrá hér inn viðeigandi flokk. Hægt er að fletta og velja fyrningarflokk með [F2]. Hver eign getur aðeins tilheyrt einum fyrningarflokk.
Tegundarflokkun	Hér skal velja tegundarflokkun eigna í hverjum fyrningarflokki skv. RSK. Þessi tegundarflokkun er hluti af auðkennisnúmerinu og eru stafir 3 til 6 í númerinu.  Dæmi: Tegundarflokkur 0605 nær yfir Verslunarbyggingar. Hægt er að fletta og velja tegundarflokk með [F2]
Auðkenni	Hér skal skrá inn auðkennisnúmer eignarinnar skv. RSK. Auðkennisnúmerið aðgreinir eignina frá öðrum eignum. Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu fjórir sýna tegundarflokkun eignar og síðustu þrír stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002, o.s.frv.  Dæmi: Fyrsta tölvan sem keypt var á árinu 2009

	(fyrningarflokkur 4 og tegund 51) fær auðkennisnúmerið 090451001.
--	---

### Aðgerðir í [F5 Valmynd].

Eins og fram kom fyrr í handbókinni þá bjóðast nokkrar aðgerðir ef smellt er á aðgerðahnappinn [F5 Valmynd]. Flestar af þessum aðgerðum skýra sig að mestu sjálfar. Hér á eftir verður fjallað um þær helstu.

Með því að velja [F5] - *Minnisbók* má skrá ýmsar viðbótarupplýsingar um eignina. Um minnisbók eigna gildir það sama og gildir almennt um minnisbækur í dk, eins og minnisbók vörunúmera, skuldunauta, starfsmanna, verka og bókhaldslykla. Hægt er að vera með mörg blöð og getur hvert blað innihaldi margar síður. Prenta má valin blöð út úr minnisbókinni. Fyrir eign getur verið hentugt að stofna sér síðu til að halda utan um viðhaldssögu og sér síðu til að halda utna um ýmsar athugasemdir.



Með því að smella á hnappinn [Bæta við...] má stofna nýja síðu (flipa) í minnisbókinni og með því að smella á hnappinn [Prenta...] þá má prenta út upplýsingar úr minnisbókinni. Hægt er að velja ákveðnar síður eða allar síður.


Í [F5 valmynd] er vinnsla sem heitir *Tengdar skrár*. Þar er hægt að tengja við eignina ýmsar skrár, svo sem Word skjöl, Pdf skjöl, Excel skjöl eða myndir. Fyrir eign getur verið hentugt að tengja þjónustusamninginn ef halda á utan um þjónustuaðgerðir.

## Færslubók (reikna afskriftir)


Í eignakerfinu er færslubók til að reikna og skrá afskriftir, skrá kaup á eignum, sölu á eignum og skrá upphafstöður og skrá eignir ónýtar

### Reikna afskriftir

Við veljum vinnsluna *Færslubók* frá valmynd. Þá birtist tafla sem sýnir óbókaðar færslubækur.



Við veljum hnappinn [INS Ný ] til að stofna nýja færslubók



The screenshot shows a dialog box titled 'Val fyrir stofnun eignadagbóka'. It contains the following fields and options:

- Tegund dagbókar:** Radio buttons for 'Afskriftir' (selected), 'Kaup', 'Sala', 'Upphafsstöður', and 'Ónýt'.
- Mánaðarfjöldi:** A dropdown menu with '1' selected.
- Uppreikna miðað við stuðulinn:** A checkbox that is unchecked.
- Stuðull:** A text field containing '0,0000'.
- Innlestur:** Checkboxes for 'Lesinn eignir' (checked) and 'Sleppa eignum án afskrifta' (checked).
- Dagsetning:** A text field containing '31.01.2010'.
- Merking eigna:** An empty text field.
- Flokkar eigna:** A dropdown menu.

At the bottom, there are buttons for 'F1 Hjálp', 'F12 Staðfesta', and 'ESC Hætta'. The 'INS Ný' button from the previous screenshot is circled in red.

Við veljum Afskriftir, merkjum í [ ] Lesinn eignir, veljum 1 mánuð í Mánaðarfjöldi, því við ætlum að afskrifa einn mánuð og skráum inn lokadag tímabilsins.

dk Afskriftir - 2010

661198-2499 dk hugbúnaður ehf.

>> Númer eignar	Lýsing	Dagsetning	Upphæð	Prósenta	Afskrift
0001	Bensínst.Kjart.g.	31.01.2010	2.522.039,00	4,00	8.406,80
0002	SELF. DÆLUR OG TANK.	31.01.2010	2.304.735,00	6,00	2.304.735,00
0003	SKÓGARHLÍÐ NÝ BST	31.01.2010	271.357,00	6,00	271.357,00
0004	VETNISSTÖÐ VESTLVEG	31.01.2010	1.528,00	33,00	1.528,00
0005	VETNISSTÖÐ, FULLBÚIN	31.01.2010	70.608,00	33,00	70.608,00
0006	VETNISSTÖÐ VIÐBÓT	31.01.2010	2.463,00	33,00	2.463,00
0009	ÁÆTL.+LAGNIR	31.01.2010	402.264,00	4,00	1.340,88
0010	HÖRGARBRAUT BST.	31.01.2010	5.449.454,00	6,00	5.449.454,00

Bensínst.Kjart.g.

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd INS Ný ENT Breyta DEL Fella ESC Hætta F12 Skrá

1:1034

Hér sjáum við reiknaðar afskriftir fyrir 1 mánuð (janúar 2010), Upphæð er fyrningargrunnur, sem er skv. skattalegri aðferð bókfært verð eignar 31.12.2009 í þessu tilfelli.

Áður en við uppfærum færslurnar þá gæti verið gott að afrita færslurnar yfir í Excel og sjá hvort samtals fyrningargrunnur og samtals fengnar fyrningar stemma ekki við fylgiskjalið okkar.

dk Upphafsstöður - 2009

661198-2499 dk hugbúnaður ehf.

>> Númer eignar	Lýsing	Dags. keypt	Fyrningargrunnur	Fengnar fyrningar
> 1096	LISTAV. FUGLAB SKÁLA	01.01.2006	93.000,00	0,00
> 1097	LISTAV. ANGEL AT T.	01.01.2006	33.000,00	0,00
> 1098	Ford Expedition RK-8	01.01.2008	3.700.000,00	786.249,00
> 1099	Toyota LC KA-554	01.01.2008	12.505.963,00	2.501.191,00
> 1100	Benz E280, VI-574	01.01.2007	7.400.000,00	5.087.498,00
> 1101	SLBR. 4.HÚSGÖGN	01.01.2001	1.142.038,00	1.027.834,00
> 1103	Skilti kvartrm.braut	01.01.2007	4.721.409,00	2.557.427,00

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd INS Ný ENT Breyta DEL Fella ESC Hætta F12 Skrá

1074:107

Við smellum á hnappinn [>>] til að lýsa allar færslur (lita þær bláar) og svo hægri smellum við með músinni á bláa svæðið og veljum Afrita. Nú getum við opnað Excel og valið þar Paste.

Ef við erum sátt við þessa útreikninga þá veljum við F5 Valmynd – Uppfæra og uppfærum þessar afskriftir.


Ef við veljum að afskrifa skv. fráviksaðferð þá er upphæðin kaupverð eignarinnar og eru afskriftirnar reiknaðar út frá þeirri upphæð.

### Skrá kaup á eignum


Áður en hægt er að skrá inn kaupverð nýrra eigna þarf að vera búíð að stofna allar nýjar eignir. Það er gert í eignatöflunni og að sjálfsgöðu þarf að skrá inn

allar viðeigandi upplýsingar, svo sem númer, lýsingu, bókunarflokk, RSK 1.04 upplýsingar, þjónustuupplýsingar og víddir eftir því sem við á (deild, verkefni, viðfangsefni, seríal númer, merkingu, flokk og staðsetningu))

Við veljum vinnsluna *Færslubók* frá valmynd. Þá birtist tafla sem sýnir óbókaðar færslubækur.



Við veljum hnappinn [INS Ný ] til að stofna nýja færslubók



Við veljum Kaup og skráum inn lokadag tímabilsins (Mánaðarfjöldi, Uppreikna miðað við stuðulinn, Les inn eignir og Sleppa eignum án afskrifta skiptir ekki máli í þessu tilfalli. Skiptir í raun aðeins máli ef valið er tegund dagbókar = Afskriftir).

Kaup - 2010						
590269-1749 Skeljungur hf.						
>>	Númer eignar	Lýsing	Dagsetning	Upphæð	Kt. seljanda/kaupanda	Innskattur/Útskattur
	4002	Keypt Bifr.YN025	22.01.2010	2.700.000,00		0,00
	4003	Hugbúnaður og leyfi	11.05.2010	16.264.686,00		0,00
	4004	V.Ný rafstöð	30.04.2010	1.562.878,00		0,00
	4005	V.Ný rafstöð	31.05.2010	177.182,00		0,00
	4006	Orkubreyting Húsavík	31.05.2010	1.033.049,00	5902691749	0,00
	4007	Orkubreytingar Skagabraut	01.04.2010	2.263.102,00	5902691749	0,00
	4008	Orkubreytingar Ólafsvík	01.04.2010	1.547.704,00	5902691749	0,00

10:9

Við skráum inn númer eignarinnar (við vorum búin að stofna eignina og skrá inn á hana allar viðeigandi upplýsingar, svo sem númer, lýsingu, bókkunarflokk, RSK 1.04 upplýsingar, upplýsingar um þjónustu (viðhald) á eigninni og víddir eftir því sem við á (deild, verkefni, viðfangsefni, seríal númer, merkingu, flokk, staðsetningu)), því næst skráum við inn kaupdagsetninguna og kaupverðið. Við getum einnig skráð inn kennitölu (númer) seljanda og innskatt eftir því sem við á.


Áður en við uppfærum færslurnar þá gæti verið gott að afrita færslurnar yfir í Excel og sjá hvort samtals kaupverð og samtals innskattur stemmir við fylgiskjalið okkar.

Ef við erum sáttt við þessa skráningu þá veljum við F5 Valmynd – Uppfæra og uppfærum þessi kaup.




## Skrá sölu á eignum

Við veljum vinnsluna Færslubók frá valmynd. Þá birtist tafla sem sýnir óbókaðar færslubækur.



Við veljum hnappinn [INS Ný ] til að stofna nýja færslubók



The screenshot shows a dialog box titled 'Val fyrir stofnun eignadagbóka'. It contains the following fields and options:

- Hér skal slá inn forsendur fyrir stofnun eignadagbókar**
- Tegund dagbókar:** Radio buttons for 'Afskriftir', 'Kaup', 'Sala' (selected and circled in red), 'Upphafsstöður', and 'Ónýtt'.
- Mánaðarfjöldi:** A dropdown menu set to '1'.
- Uppreikna miðað við stuðulinn. **Stuðull:** 0,0000
- Innlestur:**
  - Lesa inn eignir
  - Sleppa eignum án afskrifta
- Dagsetning:** A text field containing '31.01.2010' (circled in red).
- Merking eigna:** An empty text field.
- Flokkar eigna:** A dropdown menu.

At the bottom are buttons for 'F1 Hjálp', 'F12 Staðfesta', and 'ESC Hætta'.

Við veljum Sala og skráum inn lokadag tímabilsins (Mánaðarfjöldi, Uppreikna miðað við stuðulinn, Lesa inn eignir og Sleppa eignum án afskrifta skiptir ekki máli í þessu tilfalli. Skiptir í raun aðeins máli ef valið er tegund dagbókar = Afskriftir).



## Uppflettingar / fyrirspurnir

Allar uppflettingar og fyrirspurnir eru til fyrirmyndar í dk. Haldið er vel utan um allar færslur og hvernig þær urðu til. Almennar uppflettingar eru þannig að skoða má hreyfingar á t.d. einstakri eign.

Eignanúmer	Lýsing	Tegund færslu	Hreyfingardags.	Upphæð	Fyrming
1098	Ford Expedition RK-8	Venjuleg	28.02.2010	3.700.000,00	46.250,00
1098	Ford Expedition RK-8	Venjuleg	31.03.2010	3.700.000,00	46.250,00
1098	Ford Expedition RK-8	Venjuleg	30.04.2010	3.700.000,00	46.250,00
1098	Ford Expedition RK-8	Venjuleg	31.05.2010	3.700.000,00	46.250,00
1099	Toyota LC KA-554	Upphafsstæða	01.01.2008	12.505.963,00	2.501.191,00
1099	Toyota LC KA-554	Venjuleg	31.01.2010	12.505.963,00	156.325,00
1099	Toyota LC KA-554	Venjuleg	28.02.2010	12.505.963,00	156.325,00
1099	Toyota LC KA-554	Venjuleg	31.03.2010	12.505.963,00	156.325,00
1099	Toyota LC KA-554	Venjuleg	30.04.2010	12.505.963,00	156.325,00
1099	Toyota LC KA-554	Venjuleg	31.05.2010	12.505.963,00	156.325,00
1100	Benz E280, VI-574	Upphafsstæða	01.01.2007	7.400.000,00	5.087.498,00
1100	Benz E280, VI-574	Venjuleg	31.01.2010	7.400.000,00	154.167,00
1100	Benz E280, VI-574	Venjuleg	28.02.2010	7.400.000,00	154.167,00
1100	Benz E280, VI-574	Venjuleg	31.03.2010	7.400.000,00	154.167,00
1100	Benz E280, VI-574	Venjuleg	30.04.2010	7.400.000,00	154.167,00
1100	Benz E280, VI-574	Venjuleg	31.05.2010	7.400.000,00	154.167,00
1101	SLBR. 4.HÚSGÖGN	Upphafsstæða	01.01.2001	1.142.038,00	1.027.834,00
1102	Patrol MO-596	Upphafsstæða	01.01.2008	3.400.000,00	3.400.000,00
1103	Skilti kvartm.braut	Upphafsstæða	01.01.2007	4.721.409,00	2.557.427,00

Færslufjöldi: 5416

Við sjáum hér hreyfingar eigna. Þeim má raða eftir t.d. dagsetningu og síðan má afrita þær yfir í Excel til frekari úrvinnslu.

Í F5 Valmynd er vinnslan Flytja afskriftir í textaskrá.

1102	Patrol MO-596	Upphafsstæða
1103	Skilti kvartm.braut	Upphafsstæða
Flytja afskriftir í textaskrá		
F1 Hjálp	F5 Valmynd	INS Ný
Færslufjöldi: 5416		

Þessi vinnsla er hugsuð fyrir tilvik þar sem eignakerfið stendur eitt og sér og fjárhagurinn er skráður í annað kerfi en dk. Velja má tímabil, t.d. einn mánuð.

## Skýrslur

dk býður upp á ýmsar útskriftir á bókhaldsgögnum, út frá breytilegum valforsendum. Nefna má sem dæmi: Eignalisti, Eignaskýrsla, yfirlit yfir kaup og sölu og Veltulisti.

Allar skýrslur má prenta á skjá til skoðunar áður en þær eru sendar út á prentara. Flestar skýrslurnar komast vel fyrir á A4 blaði.

Fyrir flestar skýrslur má velja tímabil, t.d. heilt bókhaldstímabil (01.01.2004 – 31.12.2004) eða hluta úr bókhaldstímabili. Afmarka má við lánardrottinn, dagsetningar og fleira. Í handbókinni "Almennt", er fjallað nánar um þá möguleika sem notandi hefur við prentun á skýrslum.



Þegar valin er ákveðin skýrsla kemur upp valgluggi þar sem slá má inn ýmsar afmarkanir, svo sem eignir, flokk og dagsetningu. Undir flípanum *Valkostir* eru frekari möguleikar varðandi valda skýrslu og undir flípanum *Röðun* er hægt að velja um í hvaða röð færslur raðast í skýrslunni. Að lokum má síðan prenta skýrsluna út á prentara eða skjá.

## Hjálpartákn

Í afmörkunarreitum má nota tvö hjálpartákn. Þau eru ! og \*. Um þau gildir eftirfarandi: ! er notað til að sleppa liðum og \* ef taka á allt.

Dæmi:

!1000 tákna allt nema 1000

1000..6999,!4000..4999 tákna allt á bilinu 1000 til 3999 og 5000 til 6999.

100\* tákna allt sem byrjar á 100

!150\* tákna allt nema sem byrjar á 150.

Eftirfarandi skýrslur eru að finna undir *Lánardrotnar* > *Skýrslur*:

**Eignalisti.** Hér prentast út listi yfir eignir, fram kemur Númer og Lýsing eigna, Deild, Verkefni, Fyrningarflokkur og fyrningarprósenta, Tegundarflokkur, Raðnúmer, Staðsetning, Umsjón, Efl, Merking.

Skýrsla - Eignalisti											
dkDemo - dk hugbúnaður ehf. 05.07.2010 13:27											
EIGNALISTI											
Númer	Lýsing	Deild	Verkefni	Ffl	Fpr%	Tfl	Raðnúmer	Staðsetning	Umsjón	Efl	Merking
Staða Virk											
36100	36100	Aðalskrifstofa (Suðurlbr)									
0317	Undirbúningur, ný ló	90	159	00	0	0901	036100-159	159		3610	36100-159-16C
0430	Kortakerfi Carl B	06	000	35	35	0441	036100-000	000		3610	36100-000-16C
0494	Miðjub myndavélak	06	000	35	35	0459	036100-000	000		3610	36100-000-16C
0718	Carl Bro prentari	16	050	35	35	0441	036100-050	050		3610	36100-050-16C
0780	Bífléið RK-A19	50	020	15	15	0111	036100-020	020		3610	36100-020-16C
0781	Bífléið AM-F07	50	090	15	15	0111	036100-090	090		3610	36100-090-16C




**Eignaskýrsla.** Þessi skýrsla sýnir yfirlit yfir reiknaðar afskriftir á ákveðnu tímabili, t.d. einn mánuð. Fram kemur: Númer eignar, Deild, Verkefni, Lýsing eignar, Fyrningarflokkur og fyrningarprósenta, Kaupdagsetning og kaupverð, Almenn afskrift tímabilsins (mánaðar ef afskriftir eru reiknaðar mánaðarlega, árs ef afskriftir eru reiknaðar einu sinni á ári og í árslok), Uppsafnaðar afskriftir, Uppsafnaðar afskriftir innan ársins og Bókfært verð í lok tímabils (lok mánaðars ef verið er að reikna afskrift eins mánaðar. Lok árs ef verið er að reikna afskrift fyrir eitt ár)

EIGNASKÝRSLA											
Númer	Deild	Verkefni	Lýsing	Fli.	Fpr %	Dags.	Kaupverð	Almenn fyrning	Upps. fyrning	Árleg fyrning	Bókf. verð
Valið var að prenta út: Tímabil: 31.01.2010											
<b>36100</b>	<b>36100</b>	<b>Aðalskrifstofa (Suðurlib)</b>									
0317	90	159	Undirbúningur, ný íó	00	0	01.01.2007	5.000.000,00	0,00	0,00	0,00	5.000.000,00
0430	06	000	Kortakerfi Carl E	35	35	01.06.2009	100.035,00	2.918,00	23.342,00	2.918,00	76.693,00
0494	06	000	Mjúgub. myndavélak.	35	35	01.01.2007	936.523,00	27.315,00	409.726,00	27.315,00	526.795,00
0718	16	050	Carl Ebro prentari	35	35	01.01.2008	1.516.216,00	44.223,00	88.446,00	44.223,00	1.427.770,00
0780	50	020	Bítrað RK-A19	15	15	01.08.2009	4.400.000,00	55.000,00	329.999,00	55.000,00	4.070.001,00
0781	50	090	Bítrað AM-F07	15	15	01.11.2009	4.900.000,00	61.250,00	183.749,00	61.250,00	4.716.251,00

**Yfirlit yfir kaup og sölu.** Þessi skýrsla sýnir yfirlit yfir kaup og sölu eigna.

## Uppsetning


Ýmsar töflur sem tilheyra eignum. Hægt er að viðhalda þeim hér.



Undir *Eignir* > *Uppsetning* er hægt að viðhalda töflum sem tengjast eignum. Þessar töflur koma uppsettar með dk, en þó er nauðsynlegt að skoða þær og athuga hvort uppsetning á þeim henti þörfum þínum.

**Eignaflokkar.** Hér er skráð í töflu flokkur og heiti flokks. Tilgangurinn er sá að hægt sé á einfaldan hátt að halda eignum, sem hafa eitthvað sameiginlegt, aðgreindum.

**Bókunarflokkar.** Bókunarflokkar segja til um á hvaða bókhaldslykla færslur sem verða til í eignakerfinu bókast á. Möguleiki er að stofna fleiri en einn bókunarflokk. Algengir bókunarflokkar eru flokkur fyrir Bifreiðar, flokkur fyrir Áhöld og tæki, flokkur fyrir Fasteignir og flokkur fyrir Tölvur



Bókunarflokkur	Lýsing	Stofnkostnaður	Endurmat	Kaup	Sala	Afskriftir	Gjaldfærð afskrift
0001	Áhöld og tæki	7341		7343	7344	7345	5020
0002	Fasteignir	7101		7103		7105	5010
0003	Bifreiðar	7301		7303	7304	7305	5030
0004	Tölvur	7341		7343	7344	7345	5020

Fl Hjálp   F3 Valmynd   INS Ný   ENT Breyta   DEL Fella   ESC Hætta

Færsluföldi: 4

Til að stofna nýjan bókunarflokk er ýtt á [Insert] takkann á lyklaborðinu og til að breyta bókunarflokk er ýtt á [Enter] takkann á lyklaborðinu. Þá birtist viðhaldsspjald sem inniheldur eftirfarandi svið sem þarf að fylla út.

Bókunarflokkur

**0003 Bifreiðar**

Almennt

Bókunarflokkur: 0003

Lýsing: Bifreiðar

Stofnkostnaður: 7301 Bifreið 01.01.

Kaup: 7303 Keypt á árinu Endurmat: ...

Sala: 7304 Selt á árinu Afskriftir: 7305 Fyrning ársins

Söluhagnaður: 1900 Hagnaður af sölu varanlegra Gjaldfærð afskrift: 5030 Afskriftir bifreiða

Sölutap: 5200 Tap af sölu varanlegra rekst Afskr. við sölu: ...

Viðhald: 4340 Viðhald bifreiða Endurmatreikningur: ...

Afrúningur: 4785 Afrúningur

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Uppfæra

Færsluföldi: 3

Síðan þarf að setja viðeigandi bókunarflokka inn á eignir

Eignir

**DK0130 - Dell Latitude D630**

Almennt Viðhald RSK 104 Víddir

Almennt

Númer: DK0130

Lýsing: Dell Latitude D630

Flokkur: T0030 Fartölva

Raðnúmer: FQVQ54J

Staða: Virk

Staðsetning: ...

Umsjónarmaður: ...

Bif: 0001 Tölvur

Skráð á fasteignamat:

Merking: ...

Annað

Athugasemd: ...

Höfundur: ...

Stærð: ...

Útgáfudagur: ...

Ástand: 0

**Fyrningarflokkar.** Segir til um fyrningarprósentu. Fyrningarprósentan er skráð inn hér. Inn á eigninni er síðan tilgreindur fyrningarflokkur.

>>> Fyrningarflokkur	Lýsing	Fyrningarprósentu	Lágmark (%)	Hámark (%)
01	Fólksbifreiðar	10,000000	10,000000	20,000000
02	Skip og loftför (1. og 2. tl. 38. gr. að fólksbifreiðum unda	10,000000	10,000000	20,000000
03	Iðnvélar og tæki (3. tl. 38. gr.)	10,000000	10,000000	30,000000
04	Skrifstofuáhöld og -tæki (a-liður 4. tl. 38. gr.)	20,000000	20,000000	35,000000
05	Vélar og tæki (önnur) s.s. sendibílar (b-liður 4. tl. 38. gr	20,000000	20,000000	35,000000
07	Eyðanleg náttúruauðefi (6. tl. 38. gr.)	0,000000	0,000000	0,000000
08	Keyptur eignaréttur og keypt viðskiptavild (7. og 8. tl. 38.	20,000000	10,000000	20,000000
09	Ófyrnanlegar eignir	0,000000	0,000000	0,000000
10	Eignir, niðurfæranlegar skv. 31. gr. A.	0,000000	0,000000	0,000000
11	Greiðslumark (framleiðsluréttur)	20,000000	20,000000	20,000000
12	Fyrnanlegur bústofn	20,000000	20,000000	20,000000
6a	Mannvirki (5. tl. 38. gr.), s.s. íbúðarhúsnæði, skrifstofub.	3,000000	3,000000	6,000000
6b	Mannvirki (5. tl. 38. gr.), s.s. verksmiðjub., útihúsum á bú	3,000000	3,000000	6,000000
6c	Mannvirki (5. tl. 38. gr.), s.s. gróðurhúsum, bryggjum og pl	6,000000	6,000000	8,000000
6d	Mannvirki (5. tl. 38. gr.), s.s. borholum, rafínum og vinnu	10,000000	7,500000	10,000000

Færslufjöldi: 15

**Tegundarflokkar.** Flokkar saman eignir. Hér er ítarlegri flokkun að ræða en eignaflokkunin. Þessi flokkun er í samræmi við flokkun eigna hjá ríkisskattstjóra á framtali. Fyrningarflokkurinn og tegundarflokkurinn mynda síðan Auðkenni eignarinnar inn á RSK 104 flípanum inn á eigninni.

>>> Tegundarflokkur	Lýsing
0111	Jeppabifreiðar fyrir færri en níu menn
0199	Fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðar en leigubif.
0201	Flugvélar og önnur loftför og fylgihlutir þeirra
0211	Bátar undir 12 rúmlestum
0239	Önnur skip og bátar
0240	Eignfærðar breytingar á skipi
0251	Siglingatæki og önnur tæki í brú
0261	Vélar í skip og báta, stýrisbúnaður
0271	Spil/dælur um borð í skip
0299	Annar skipsbúnaður
0311	Fiskvinnsluvélar
0321	Matvælaíðnvélar
0331	Prentiðnaðarvélar
0339	Ljósmyndavélar og framköllunartæki
0341	Vélar fyrir trésmiði
0350	Byggingarmót
0351	Vélar fyrir málmismiði
0359	Rafiðnaðar- og rafsuðuvélar
0371	Vélar fyrir vefjafiðnað

Færslufjöldi: 88





© 2012 dk hugbúnaður. Allur réttur áskilinn.

Handbók - Eignir

Þetta rit er hugsað sem leiðbeinandi efni og getur efni þess breyst án fyrirvara. dk hugbúnaður hf. tekur enga ábyrgð á villum eða rangfærslum sem gætu leynst í skjalinu. Bannað er að endurrita upplýsingar þessa skjals, deila því á opnum vettvangi eða senda það á einn eða annan hátt án þess að fyrir liggi skriflegt leyfi frá dk hugbúnaði ehf.

Ritað af dk hugbúnaði ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur.

[www.dk.is](http://www.dk.is)